

Fundargerð

Þriðjudaginn 22. mars 2022 kl. 13:30 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Hanna Dóra Hólm Másdóttir (í fjarveru Gerðar Guðjónsdóttir), Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

1. **Reykjavíkurborg**

Lögð voru fram drög að svari EFS við fyrirspurn frá Alþingi varðandi fjármál Reykjavíkurborgar. Fram kemur í svarinu að Reykjavíkurborg hafi á undanförunum árum uppfyllt fjárhagsleg viðmið um jafnvægisregluna og skuldaviðmið, bæði fyrir A-hluta og A- og B-hluta. Við skoðun á öðrum á lykiltölum úr rekstri Reykjavíkurborgar þá er ekkert sem hefur kallað á sérstaka skoðun á fjármálum Reykjavíkurborgar. Að auki er farið yfir í svarinu þau fjárhagsleg viðmið sem EFS hefur til hliðsjónar.

Ákveðið var að senda svarið til innviðaráðherra.

2. **Önnur mál**

Enginn önnur mál